

- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.
- 2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennslupró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.
- 2.4. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
- 2.5. Sérstakur staður skal vera fyrir brotajárn innan girðingar sorpeyðingarstöðvarinnar, ekki er leyfilegt að brotamálmur verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tök eru á.
- 2.6. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
- 2.7. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
- 2.8. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
- 2.9. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er og leita leiða til endurnýtingar.
- 2.10. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, samanber 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

**um fæðingarorlof samkvæmt lögum nr. 59 frá 31. mars 1987 um
breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.**

1.0 Gildissvið.

1. gr.

Bætur Tryggingastofnunar ríkisins í fæðingarorlofi eru annars vegar fæðingarstyrkur og hins vegar fæðingardagpeningar.

Fæðingarorlof skal taka í einu lagi.

Pegar sérstaklega stendur á, vegna heilsufars barns, er þó heimilt, að fengnu vottorði læknis, sem annast hefur barnið, að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka leyfinu í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en einn mánuður. Töku fæðingarorlofs skal þó ætíð ljúka innan árs frá fæðingu barnsins.

2. gr.

Sá, sem á rétt til bótagreiðslna í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari á rétt á ólaunuðu leyfi frá störfum þann tíma, sem batur í fæðingarorlofi eru greiddar.

3. gr.

Félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarféлага, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum eiga ekki rétt á bótagreiðslum í fæðingarorlofi frá Tryggingastofnun ríkisins þann tíma sem óskert laun eru greidd.

Pegar sleppir þriggja mánaða samningsbundnu fæðingarorlofi á óskertum launum hjá aðilum, sem taldir eru upp í 1. málsg., geta þeir sótt um batur í fæðingarorlofi fyrir fjórða mánuð (fjórða og fimmta mánuð eftir 1. janúar 1989 og fjórða, fimmta og sjötta mánuð eftir 1. janúar 1990) fæðingarorlofs til Tryggingarstofnunar ríkisins, enda hafi launað fæðingarorlof þessara aðila ekki verið lengt með reglugerð eða kjarasamningi.

Á meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um sambærilega lengingu fæðingarorlofs og reglugerð þessi kveður á um, til þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. málsg., skulu batur þeirra í fæðingarorlofi fyrir fjórða mánuðinn (fjórða og fimmta mánuðinn eftir 1. janúar 1989 og fjórða, fimmta og sjötta mánuðinn eftir 1. janúar 1990) greiddast eftir þeim reglum sem settar eru í reglugerð þessari.

4. gr.

Frá 1. janúar 1988 skulu batur í fæðingarorlofi greiddar í fjóra mánuði.

Frá 1. janúar 1989 skulu batur í fæðingarorlofi greiddar í fimm mánuði.

Frá 1. janúar 1990 skulu batur í fæðingarorlofi greiddar í sex mánuði.

Ef fæðingarorlof hefur ekki hafist fyrir 1. október 1987 skal vegna fæðinga á tímabilinu 1. október — 31. október 1987 greiða batur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í einn mánuð á árinu 1988. Vegna fæðinga 1. nóvember — 30 nóvember 1987 skal greiða batur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í 2 mánuði á árinu 1988 og vegna fæðinga 1. desember — 31. desember 1987 skal greiða batur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í þrjá mánuði á árinu 1988.

Ef fæðingarorlof hefur ekki hafist fyrir 1. september 1988 skal vegna fæðinga á tímabilinu 1. september — 31. desember 1988 greiða batur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í fimm mánuði á árunum 1988 — 1989.

Ef fæðingarorlof hefur ekki hafist fyrir 1. ágúst 1989 skal vegna fæðinga á tímabilinu 1. ágúst — 31. desember 1989 greiða batur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í sex mánuði á árunum 1989 — 1990.

Félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarféлага, er njóta óskertra launa í þrjá mánuði í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum og sem fæða barn á tímabilinu 1. október — 31. desember 1987 (1. september — 31. desember 1988 og 1. ágúst — 31. desember 1989) skulu eiga rétt á bótum í fæðingarorlofi fyrir fjórða mánuðinn (fjórða og fimmta mánuðinn eftir 1. janúar 1989 og fjórða, fimmta og sjötta mánuðinn eftir 1. janúar 1990) frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt þeim reglum sem settar eru í reglugerð þessari, enda hafi launað fæðingarorlof þessara aðila ekki verið lengt með reglugerð eða kjarasamningi.

5. gr.

Fæðingarstyrk skal greiða við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi, samkvæmt lögum um lögheimili nr. 35/1960, sbr. þó 3. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi skal greiða til móður, sem lögheimili á á Íslandi samkvæmt lögum um lögheimili nr. 35/1960, sbr. þó 3. gr. reglugerðar þessarar.

Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Þó skulu greiðslur til þeirra sameiginlega aldrei nema meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm mánaða eftir 1. janúar 1989 og sex mánaða eftir 1. janúar 1990).

2.0 Fæðingarstyrkur.

2.1 Fjárhæðir fæðingarstyrks.

7. gr.

Frá 1. janúar 1988 skal fjárhæð fæðingarstyrks nema kr. 16.543 á mánuði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyrstrygginga Tryggingastofnunar ríkisins.

2.2 Upphaf greiðslna fæðingarstyrks.

8. gr.

Að jafnaði skal hefja greiðslu fæðingarstyrks miðað við fæðingarmánuð barnsins.

Þó má hefja greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði eða vottorði heilsugæslustöðvar, enda hafi móðir lagt niður launuð störf sín, er greiðslur fæðingarstyrks hefjast.

Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingarstyrksins við fæðingarmánuð barnsins.

2.3 Greiðsla fæðingarstyrks vegna andvanafæðingar eða fósturláts.

9. gr.

Ekki skal greiða fæðingarstyrk lengur en í 3 mánuði vegna andvanafæðingar eftir 28 vikna meðgöngutíma. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar lengd meðgöngu.

10. gr.

Ekki skal greiða fæðingarstyrk lengur en í 2 mánuði vegna fósturláts eftir 20 vikna meðgöngu. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar lengd meðgöngu.

2.4 Greiðsla fæðingarstyrks vegna fjölburafæðinga.

11. gr.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu.

2.5 Greiðsla fæðingarstyrks vegna ættleiðingar, fósturs eða varanlegrar dvalar á stofnun.

12. gr.

Vegna töku barns yngra en fimm ára skal greiða kjörforeldri, uppeldis- eða fósturforeldri fæðingarstyrk í þrjá mánuði (fjóra mánuði frá 1. janúar 1989 og fimm mánuði frá 1. janúar 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé um leyfi til ættleiðingar að ræða skal ættleiðingarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis fylgja umsókn um fæðingarstyrk. Upphaf greiðslu fæðingarstyrks skal miðast við útgáfumánuð ættleiðingarleyfis.

Sé um uppeldis- eða fósturráðstöfun að ræða skulu viðkomandi barnaverndaryfirvöld tilkynna Tryggingastofnun ríkisins án tafar um ráðstöfunina. Skal greiðsla fæðingarstyrks hefjast í þeim mánuði sem tilkynning berst.

13. gr.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. nóvember — 30. nóvember 1987 skal greiða fæðingarstyrk skv. reglugerð þessari í einn mánuð á árinu 1988. Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. desember — 31. desember 1987 skal greiða fæðingarstyrk samkv. reglugerð þessari í tvo mánuði á árinu 1988.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. október — 31. desember 1988 skal greiða fæðingarstyrk samkv. reglugerð þessari í fjóra mánuði á árunum 1988 — 1989.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. september — 31. desember 1989 skal greiða fæðingarstyrk samkv. reglugerð þessari í fimm mánuði á árunum 1989 — 1990.

14. gr.

Séu fleirburar innan fimm ára aldurs settir í fóstur á sama stað eða ættleiddir af sömu kjörforeldrum greiðist fæðingarstyrkur einum mánuði lengur fyrir hvert barn umfram eitt.

Sama skal gilda ef fleiri börn en eitt, skyld eða óskyld, sem öll eru undir fimm ára aldri eru sett í fóstur um leið á sama stað eða ættleidd af sömu kjörforeldrum.

15. gr.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun.

Þó skal aldrei greiða fæðingarstyrk til móður í skemmri tíma en tvo mánuði eftir fæðingu í tilvikum þeim sem hér um ræðir.

2.6 Lenging fæðingarstyrksgreiðslna vegna heilsufars móður eða heilsufars barns.

16. gr.

Ef um alvarlegan sjúkleika barns er að ræða, sem krefst nánari umönnunar foreldris, framlengist greiðsla fæðingarstyrks til móður um einn mánuð.

Þörf fyrir aukna umönnun barns skal rökstudd með læknisvottorði sem staðfest er af tryggingaráði.

17. gr.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks

þann tíma, þó aldrei lengur en í tvo mánuði, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi.

Umsókn um lengingu fæðingarstyrks samkvæmt þessari grein skal fylgja læknisvottorð og/eða vottorð vinnuveitanda um að ekki verði við komið breytingum á starfsháttum konunnar eða tilfærslum í starfi.

Tryggingayfirlæknir skal staðfesta að þörf sé fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

2.7 Ýmis ákvæði um fæðingarstyrk.

18. gr.

Unnt er að njóta samtímis greiðslu fæðingarstyrks og greiðslu sjúkradagpeninga.

19. gr.

Rísi ágreiningur um greiðslur fæðingarstyrks samkvæmt kafla þessum getur lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins eða bótaþegi óskað úrskurðar tryggingaráðs.

Tryggingaráð skal úrskurða um slíkan ágreining innan mánaðar frá því að kæran barst.

3.0 Fæðingardagpeningar.

3.1 Fjárhæðir fæðingardagpeninga.

20. gr.

Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þann 1. janúar 1988 eru tvöfaldir sjúkradagpeningar samtals kr. 20 820 á mánuði.

3.2 Ákvörðun fæðingardagpeninga.

21. gr.

Launuð vinna merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagvinnustundir í merkingu reglugerðar þessarar eru allar vinnustundir allt að 40 stundum á viku án tillits til þess á hvaða tíma sólarhrings þær eru unnar.

Fjárhæð fæðingardagpeninga ákvarðast af þeim dagvinnustundafjölda, sem foreldri hefur unnið á vinnumarkaði síðustu 12 mánuði fyrir töku fæðingarorlofs.

12 mánaða tímabilið er ákveðið þannig:

1. Umsókn móður um fæðingarorlof.

a) Hafi kona tekið sér orlof frá launuðum störfum mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barnsins eða fyrr, skal miða 12 mánaða tímabilið frá því mánuði fyrir fæðingu og síðan 12 mánuði aftur í tímann.

b) Taki konan sér orlof frá launuðum störfum með styttri fyrirvara en mánuði fyrir fæðingu, skal miða 12 mánaða tímabilið við þá dagsetningu er orlof frá störfum hófst.

2. Umsókn föður um fæðingarorlof.

12 mánaða tímabilið miðast við þann tíma, er faðir tekur fæðingarorlof og síðan 12 mánuði aftur í tímann.

22. gr.

Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1032 — 2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs.

Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516 — 1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs.

23. gr.

Um atvinnuþátttöku eftirtalinna starfshópa gilda svofelldar sérreglur:

1. Atvinnuþátttaka maka bænda við landbúnaðarstörf skal teljast 1.600 stundir á ári á sauðfjárbúum og 1.704 stundir á kúabúum. Atvinnuþátttöku maka bænda á blönduðum búum eða í öðrum búgreinum skal meta hverju sinni.
2. Foreldri, sem rekur sjálfstæða atvinnustarfsemi eða vinnur við sjálfstæða atvinnustarfsemi án þess að þiggja laun sem launþegi, skal sanna vinnustundafjölda og launagreiðslu með skattframtali, staðfestingu löggilts endurskoðanda, skattkorti, staðfestingu lífeyrissjóðs um greiðslu iðgjalda eða á annan hátt.
3. Foreldri, sem vinnur launuð störf í heimahúsi, án þess að vinna sé unnin á vegum fyrirtækis, skal, auk vinnuveitandavottorðs, sanna vinnuframlag sitt með skattframtali, skattkorti eða staðfestingu verkalýðsfélags eða lífeyrissjóðs, eftir því sem við á. Sé um launuð störf við gæslu barna í heimahúsi að ræða, telst heilsdagsgæsla eins barns í 12 mánuði nema fjórðungi úr fullu starfi, eða 516 dagvinnustundum.
4. Foreldri, sem hefur stundað nám að aðalstarfi í a.m.k. 6 mánuði á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á fullum fæðingardagpeningum, enda jafngildi slíkt nám a.m.k. 1032 vinnustundum.
Foreldri, sem hefur stundað nám að aðalstarfi í 3 — 6 mánuði á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á hálfum fæðingardagpeningum, enda jafngildi slíkt nám a.m.k. 516 dagvinnustundum.
Til sönnunar um skólavist skal leggja fram vottorð frá viðkomandi skóla.
Verklegt nám, stundað á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs skal meta til jafns við atvinnuþátttöku.

24. gr.

Til atvinnuþátttöku telst sá tími, sem foreldri hefur sannanlega notið atvinnuleysisbóta.

25. gr.

Hafi foreldri af heilsufarsástæðum látið af launuðum störfum á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs skal veikindatíminn teljast jafngildur vinnuframlagi samkvæmt reglugerð þessari, enda hafi foreldrið átt rétt til greiðslu launa eða sjúkra- (slysa-) dagpeninga á veikindatímabilinu.

Áætlað vinnuframlag samkvæmt 1. málsg. skal miðað við þau laun eða dagpeninga, sem foreldri hefur átt rétt til á veikindatímabilinu.

3.3 Upphaf greiðslna fæðingardagpeninga og réttur föður til þeirra.

26. gr.

Verðandi móðir má hefja töku fæðingardagpeninga allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, enda leggi hún niður launuð störf frá sama tíma. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknavottorði.

Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga til móður við fæðingarmánuð barns.

27. gr.

Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan.

Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi eða verið í fæðingarorlofi saman þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm mánaða eftir 1. janúar 1989 og sex mánaða eftir 1. janúar 1990).

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

3.4 Greiðsla fæðingardagpeninga vegna andvanafæðingar eða fósturláts.

28. gr.

Ekki skal greiða fæðingardagpeninga lengur en í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Staðfesta skal lengd meðgöngu með læknisvottorði.

29. gr.

Ekki skal greiða fæðingardagpeninga lengur en í tvo mánuði vegna fósturláts eftir 20 vikna meðgöngu. Staðfesta skal lengd meðgöngu með læknisvottorði.

3.5 Greiðsla fæðingardagpeninga vegna fjölburafæðinga.

30. gr.

Greiðsla fæðingardagpeninga framlengist um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.

3.6 Greiðsla fæðingardagpeninga vegna ættleiðingar, fósturs eða varanlegrar dvalar á stofnun.

31. gr.

Vegna töku barns yngra en fimm ára skal greiða kjörforeldri, uppeldisforeldri eða fósturforeldri fæðingardagpeninga í þrjá mánuði (fjóra mánuði frá 1. janúar 1989 og fimm mánuði frá 1. janúar 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé um leyfi til ættleiðingar að ræða skal ættleiðingarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis fylgja umsókn um fæðingardagpeninga. Upphaf greiðslu fæðingardagpeninga skal miðast við útgáfumánuð ættleiðingarleyfis.

Sé um uppeldis- eða fósturráðstöfun að ræða skulu viðkomandi barnaverndaryfirvöld tilkynna Tryggingastofnun ríkisins án tafar um ráðstöfunina. Skal greiðsla fæðingardagpeninga hefjast í þeim mánuði sem tilkynning berst.

32. gr.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. nóvember — 30. nóvember 1987 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í einn mánuð á árinu 1988. Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. desember — 31. desember 1987 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í tvo mánuði á árinu 1988.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. október — 31. desember 1988 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í fjóra mánuði á árunum 1988 — 1989.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. september — 31. desember 1989 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í fimm mánuði á árunum 1989 — 1990.

33. gr.

Séu fleirburar innan fimm ára aldurs settir í fóstur eða ættleiddir greiðast fæðingardagpeningar einum mánuði lengur fyrir hvert barn umfram eitt.

Sama skal gilda ef fleiri börn en eitt, skyld eða óskyld, sem öll eru undir fimm ára aldri eru sett í fóstur um leið á sama stað eða ættleidd um leið af sömu kjörforeldrum.

34. gr.

Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun.

Þó skal aldrei greiða fæðingardagpeninga til móður í skemmri tíma en tvo mánuði eftir fæðingu í tilvikum þeim sem hér um ræðir.

3.7 Lenging fæðingardagpeningagreiðslna vegna heilsufars móður eða heilsufars barns.

35. gr.

Framlengja skal greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni þann mánuð.

Þörf fyrir aukna umönnun barns skal rökstudd með læknisvottorði sem staðfest er af tryggingaráði.

36. gr.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í tvo mánuði, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi.

Umsókn um lengingu fæðingardagpeninga samkvæmt þessari grein skal fylgja læknisvottorð og/eða vottorð vinnuveitenda um að ekki verði við komið breytingum á starfsháttum konunnar eða tilfærslum í starfi.

Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

3.8 Ýmis ákvæði um fæðingardagpeninga.

37. gr.

Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga. Sama gildir um fæðingardagpeninga og atvinnuleysisbætur.

38. gr.

Rísi ágreiningur um greiðslur fæðingardagpeninga samkvæmt kafla þessum getur lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins eða bótaþegi óskað úrskurðar tryggingaráðs.

Tryggingaráð skal úrskurða um slíkan ágreining innan mánaðar frá því að kæran barst.

4.0 Ýmis ákvæði.

39. gr.

Fæðingarorlof greiðist af lífeyrstryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins hjá umboðsmönnum hennar gegn framvísun vottorðs læknis, fæðingarstofnunar eða heilsugæslustöðvar.

Hafi umsækjandi unnið launuð störf, skal hann leggja fram vottorð launagreiðanda, sem staðfestir vinnustundafjölda og launagreiðslur síðastliðna 12 mánuði fyrir töku

fæðingarorlofs. Sé um fleiri en einn launagreiðanda að ræða, skal lagt fram vottorð frá sérhverjum þeirra.

Með umsókn föður um greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi skal fylgja yfirlýsing vinnuveitanda þess efnis, að faðir muni leggja niður launuð störf þann tíma, sem fæðingardagpeningar verða greiddir.

Um sérákvæði varðandi framlögð gögn til sönnunar á vinnuframlagi vísast til 21. gr. reglugerðar þessarar.

40. gr.

Barnshafandi kona skal tilkynna vinnuveitanda með a.m.k. 21 dags fyrirvara hvenær hún hyggst hefja fæðingarorlof sitt.

Faðir, sem hyggst taka fæðingarorlof á móti móður eða um leið og hún, skal tilkynna það vinnuveitanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Sé fyrir hendi réttur til lengingar fæðingarorlofs vegna fjölbura fæðingar, veikinda barns eða veikinda móður skulu foreldrar og tilkynna vinnuveitanda sínum um lengingu orlofsins eins fljótt og auðið er.

41. gr.

Vilji kona hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi hennar, skal hún tilkynna það vinnuveitanda með 21 dags fyrirvara. Jafnframt skal hún tilkynna það til Tryggingastofnunar ríkisins. Fæðingardagpeningar falla niður fyrir þann tíma sem hún nýtir ekki.

42. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 59 31. mars 1987 um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971 með síðari breytingum sbr. og lög nr. 57 31. mars 1987 um fæðingarorlof og öðlast gildi 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53, 12. febrúar 1987, um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið 31. desember 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. desember 1987.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.